


XXIV. landsþing

Sambands íslenskra sveitarfélaga



Nýtt umhverfi – Ný úrlausnarefni – Ný tækifæri

NIÐURSTÖÐUR UMRÆÐUHÓPA


Hópur 3



VELFERÐARÞJÓNUSTA OG REKSTUR Í ERFIÐU ÁRFERÐI

Umræðustjóri: Oddný Sturludóttir

Ritarar: Svandís Ingimundardóttir og Gyða Hjartardóttir



Skólastarf

- Auka svigrúm sveitarfélaga og skóla til þess að hagræða, sérstaklega í innra starfi og skipulagi skólaársins. Nám fer fram víðar en í skólastofum
- Hver er raunveruleg fjölgun starfsmanna í skólum, miðað við miklar breytingar á skólaumhverfinu?
- Ósveigjanlegur kjarasamningur og sveigjanlegt skólastarf eiga ekki samleið.
- Hægt að fá sjálfbóðaliða inn í aðra þætti en beina kennslu, skólasel, mötuneyti og útivist.
- Hugsa þarf kerfið upp á nýtt, ostaskeraaðferðin dugar ekki lengur, horfa til baka, hvað komumst við af með fyrir 3, 5 og 7 árum?



Skólastarf

- Af hverju er íslenskt skólakerfi dýrast í heimi? Hvað telur?
- Nýta betur fjármagn skólanna með samnýtingu starfsfólks. Fækka stöðugildum en hækka laun?
- Sameiningar og fjölbreytt módel: Leik/grunn, leik/grunn/frístund. Eykur faglegan slagkraft, betri nýting starfsfólks, ávinningur allra.
- Kjarkur og eftirfylgni í hagræðingu til skólamála. Ekki skera niður, skera upp. Stokka upp. Tækifæri!
- Virðing fyrir skólastarfi og menntun mikilvæg.



Ýmislegt

- Málefni tónlistarskóla
- Flutningur framhaldsskóla. Skiptar skoðanir. Jákvætt tekið í að sveitarfélög fari í tilraunir. Við lærum af því.
- Mikilvægt að efla og formgera samstarf ríkis, sveitarfélaga og Reykjavíkur við gerð kjarasamninga. Stuðningur við sameiginlega opinbera kjarastefnu. Mikilvægur hlekkur í samstarfinu um fjármálareglur og fjármálaleg samskipti við ríkisvaldið.
- Skilaboð inn í kjaraviðræður: Sveigjanleiki!



Fjárhagsaðstoð og atvinnuleysi

- Spornum gegn fátækt með skilgreiningu á lágmarksframfærslu/viðmiðum
- Fjölgun á fjárhagsaðstoð, skýr krafa sveitarfélaga um heimild til fimm ára á atvinnuleysisbótum
- Atvinna er besta meðalið. Efling virkni.
- Nauðsynlegt að sveitarfélög geti skilyrt fjárhagsaðstoð/umbunað þeim sem eru
- Viðhorf okkar í garð íbúa sem njóta fjárhagsaðstoðar.
- Atvinna er hagsmunamál allra landsmanna. Samvinna milli svæða og viðurkenning á sameiginlegri ábyrgð okkar á atvinnumálum.



Yfirfærsla málefna fatlaðra

- Almenn sátt um yfirfærsluna og fólk spennt fyrir verkefninu. Þó áhyggjur af stöðu málaflokksins. Hver er raunveruleg staða málaflokksins?
- Tækifæri felast í samþættingu og samstarfi
- Jöfn réttindi allra íbúa – virðing
- Nauðsynlegt við endurmatið 2014 að við vitum hvað miða skal við. Hver er „núllpunkturinn“/grunnstaðan? Nauðsynlegt að skilgreina mælikvarðana
- Nauðsynlegt að kostnaðarmeta búsetureglugerðina
- Áhyggjur af stöðu starfsmannamála – brýning til verkefnastjórnar að leysa það hratt og örugglega.



Ýmislegt

- Húsaleigubætur: heppilegra að stilla betur saman strengi við ríkið. Endurskoða þarf kerfið heildstætt.
- Hlutverk sambandsins: Mjög mikilvægt að sambandið safni og miðli upplýsingum markvisst um vel heppnaðar hagræðingaraðgerðir. Við lærum hvert af öðru! Sérstaklega óskað eftir stuðningi/ráðgjöf í upplýsingatækni, kaup á búnaði og tölvukerfum.
- Samvinna sveitarfélaga: Svo margt sem sveitarfélög geta sameinast um, launadeildir, bókhald, starfsmannamál, upplýsinga- og tæknideildir



Ýmislegt

- Mikil ánægja með sambandið og undirbúning landsþings.
- Áfram Samband íslenskra sveitarfélaga!

